

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.

1. gr.

Í stað I. viðauka kemur nýr viðauki sem birtur er með reglugerð þessari.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 10. tölul. 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2021.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 21. desember 2020.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

I. Viðauki

Útreikningur á hámarksmagni sem um getur í 9. gr.

Hámarksmagn.

Hámarksmagn sem setja má á markað af vetnisflúorkolefnum og getið er um í 9. gr. er sem hér segir:

Hámarksmagn innfluttra vetnisflúorkolefna

Þrep niðurfösunar	Ár	Hlutfall af grunnlínu	Kílótonn koldíoxíðjafngilda
1. þrep	2019-20	90%	243,9
2. þrep	2021-23	35%	94,9
3. þrep	2024-26	24%	65,0
4. þrep	2027-29	19%	51,5
5. þrep	2030-35	17%	46,1
Lokastaða	2036-	12%	32,5

Hámarksmagnið í töflunni hér að ofan er reiknað á forsendum ákvæða Kigalibreytingarinnar við Montrealbókunina sem hér segir:

Grunnlínan sem miðað er við nemur 271 kílótonni koldíoxíðjafngilda.

Grunnlínan er meðaltal innflutnings vetnisflúorkolefna á árunum 2011-13, reiknað í koldíoxíðjafngildum, að viðbættum 15% af reiknuðu koldíoxíðjafngildi grunnlínu vegna innflutnings HCFC-efna.

Innflutningstölur sem lagðar eru til grundvallar varða eingöngu innflutning hreinna miðla, þ.e. ekki vetnisflúorkolefni sem var að finna í búnaði öðrum en ílátum við innflutning.

Grunnlína vegna innflutnings HCFC-efna byggist á innflutningstölum frá 1989 (innflutningur HCFC-efna árið 1989 + 2,8% innflutnings CFC-efna sama ár). Upprunaleg forsenda grunnlínunnar var ósoneyðingarmáttur og grunnlínan því gefin í ODP tonnum. Útreikningur HCFC grunnlínu í koldíoxíðjafngildum byggist á upplýsingum frá Ósonskrifstofu UNEP um innflutning HCFC- og CFC-efna til Íslands 1989 og viðeigandi hnatthlýunarstuðlum.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.